

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

AFRII

Efni: Klausturhólar gjallnámur L168965; Efnistaka Seyðishólum, náma E24; Framkvæmdaleyfi. Tilvísun: 2302043 SOS

Undirritaðir eigendur Klausturhóla 1, fastanúmer 220 7720, höfum móttengið bréf ykkar dags. 3. apríl s.l. vegna ofangreinds erindis.

Erfitt er að gera sér nákvæma grein fyrir því hvaða röskun felst í því fyrir okkur verði tillagan samþykkt en okkar land er efst sunnanmegin í Kerhólum, sem er hinum megin við Hólaskarðsveginn, þar sem náman er staðsett.

Áhyggjur okkar eru þær helstar að hávaði verði mikill frá námuvinnslunni, ekki aðeins vegna umferðar heldur og vegna vinnuvéla. Fram kemur í tillögunni að einungis verði ekið á virkum dögum, að degi til en ekkert segir til um hvaða daga eða hvenær dagsins vinnsla verði í námunni sjálfri. Þá þarf að skilgreina nánar hvað felst í orðunum „virkum dögum að degi til“, eru það allir dagar nema rauðir dagar í almanaki, hvenær hefst vinnudagur og hvenær lýkur honum. Við sem eigum sumarhús í nágrenninu dveljum þar oft í leyfi á virkum dögum og viljum ekki eiga það á hættu að vakna eldsnemma á morgnanna við hávaða frá stórvirkum vinnuvélum – í sveitinni sem við eigum til að njóta kyrrðar og friðar! Hversu mikill hávaði verður frá námunni sjálfri og hvernig hægt verður að verjast þeim hávaða, þeirri spurningu er ósvarað. Fara þarf afar varlega í þeim efnum að okkar mati enda verið að byggja upp sumarhúsabyggð nær námunni en okkar eign liggur en engu að síður heyrum við oft á tíðum frá okkar bústað í vinnuvélum þegar unnið er í námunni eins og staðan er í dag. Við munum ekki una því ef það ónæði mun aukast sem einhverju nemur ef af þessum fyrirætlunum verður. Þetta atriði þarf að upplýsa miklum mun betur að okkar mati.

Þá liggur ekki fyrir hversu mikil hætta er á gjallfoki vegna efnisvinnslunnar og flutninga. Er í tillögunni lagt til hvernig verjast megi foki vegna flutninganna með yfirbreiðslu og hægri umferð, en við höfum meiri áhyggjur af gjallfoki úr námunni vegna efnisvinnslunnar og þegar vinna liggur niðri, veður er vont, vindur liggur illa að og hver áhrif gjallfokið hafi bæði á gróður og mannlíf í landinu okkar. Vöktun á svæðinu eins og boðað er í tillögunni er ekki nægjanlega útfærð – verður ávallt vöktun, eða þarf fyrst að koma til eyðilegging á gróðri áður en vöktun er sett á? Hvenær telst veður það vont að vöktun sé á staðnum, hvað felst í vöktun, hvað gerist þegar vöktun er, hvernig er þá komið í veg fyrir gjallfok osfrv. Þetta er að okkar mati mjög óljóst.

Þá höfum við einnig áhyggjur af áhrifum á Kerhólinn sjálfan, utan okkar lands, sem er friðlýstur – en væntanlega munu aðrir tjá sig um þann þátt málsins sem vit hafa á þeim efnum. Sjálf erum við að koma upp gróðri vestan megin í okkar landi, sem snýr að námunni.

Tengist það jafnframt áhyggjum okkar af mengun almennt af þessum sökum, bæði vegna efnisvinnslunnar og flutninganna. Kanna þarf nánar hvaða áhrif þessar fyrirætlanir gætu haft í þeim efnum áður en leyfi verði veitt, að okkar mati.

Seyðishólarnir eru ekki aðeins mikilvægt kennileyti og merkileg náttúruvafyrirbrigði í Grímsnesinu. Ljóst er auðvitað að með aukinni námuvinnslu munu hólarnir smátt og smátt hverfa, þeirra verður sárt saknað. Við veltum því einnig fyrir okkur hvaða áhrif það muni hafa á bæði veðurfar, þ.e. skjól, og ásýnd svæðisins. Væntanlega hefði það meiri áhrif á öðrum jörðum en okkar landi, en engu að síður er alveg möguleiki á því að niðurstaðan hefði neikvæð áhrif á allt nærliggjandi svæði, þar með talið okkar land.

Í bréfi þessu eru áhyggjuefni okkar vegna tillögunnar ekki tæmandi talin og áskiljum við okkur allan rétt í þessu sambandi, til að gera frekari athugasemdir um þau atriði sem framan eru rakin sem og til að koma að auknum athugasemdum á síðari stigum málsins.

Ljóst er að við munum ekki þegjandi og hljóðalaust láta ganga yfir okkur ef okkar elskaða land, sem fjölskyldan hefur átt síðan 1976, verður undirlagt af afleiðingum námavinnslu og efnisflutningum, til hagsbóta fyrir einkaaðila og til eyðileggingar á einstakri náttúru.

Áskiljum við okkur allan rétt í þessu sambandi og mótmælum fyrirætlunum um útgáfu framkvæmdaleyfis skv. tilvitnuðu bréfi ykkar.

Grímsnesi 30. apríl 2023

Virðingarfyllst,

AFRII

Valborg Þ. Snævarr
kt. 100860-4149

Eiríkur Thorsteinsson
kt. 170959-6129